

Skýrsla verkefnastjóra innleiðingar farsældar

- skólaárið 2023 - 2024

Sólveig Norðfjörð

1. júlí 2024

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Innleiðingarteymi farsældar	2
Nýting Teams	3
Barna- og fjölskyldustofu og aðrar stofnanir sem koma að innleiðingu farsældarlaganna á landsvísu	4
Mennta- og velferðarsvið	4
Þróun verklags - beiðnakerfi, sniðmát og leiðbeiningar	5
Tengiliðir og málstjórar	7
Fræðslu- og samráðsfundir með starfsfólki sem vinnur með börnum í Kópavogsbæ	10
Aðgengi nemenda, foreldra og starfsfólks að upplýsingum um farsældarlögin og þjónustu hjá Kópavogsbæ	11
Staðan við lok skólaárs 2024	12
Viðauki 1 – Fundur hjá BOFS og aðrir fundir sem snúa að innleiðingunni á landsvísu	14
Viðauki 2 – Samráðs- og fræðslufundir með starfsfólki mennta- og velferðarsviðs og pólitískum fulltrúum	15
Viðauki 3 – Samráðsfundir, námskeið og fræðsla fyrir tengiliði og málstjóra.....	16
Viðauki 4 – Samráðs- og fræðslufundir með starfsfólki sem starfar hjá Kópavogsbæ	17
Viðauki 5 – Samráðs- og fræðslufundir með starfsfólki sem starfar ekki hjá Kópavogsbæ en vinnur með börnum í bænum	19

Inngangur

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86, 2021) tóku gildi 1. janúar 2022 en gert er ráð fyrir að innleiðing laganna muni taka fimm ár. Eftir að lögin voru samþykkt skipuðu sviðsstjórar mennta- og velferðarsviðs fulltrúa frá hvoru sviði í innleiðingarteymi. Verkefnið er umfangsmikið svo innleiðingarteymið hefur vaxið og nú sitja fimm fulltrúar í innleiðingarteymi. Skólaárið 2023–2024 tók Sólveig Norðfjörð (Farsæld sf.) að sér verkefnastjórn innleiðingar laganna fyrir menntasvið. Farsæld sf. og menntasvið gerðu verktakasamning um 40-60 tíma að meðaltali á mánuði í 10 mánuði. Verktaki heldur utan um starf innleiðingarteymis og verkefni sem tengjast innleiðingu laganna hjá Kópavogsbæ. Starfið felur í sér fræðslu og ráðgjöf til starfsfólks og stofnana sem veitir börnum og fjölskyldum þjónustu í Kópavogsbæ og samstarf við stofnanir og fagfólk sem vinnur að innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna á landsvísu. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að halda samstarfinu áfram skólaárið 2024–2025 en Sólveig mun vinna jafnt fyrir mennta- og velferðarsvið. Farsæld sf. og mennta- og velferðarsvið hafa skrifað undir verktakasamning um 40-60 tíma að meðaltali á mánuði í 11 mánuði.

Hér á eftir verður farið yfir helstu verkefni verkefnastjóra og innleiðingarteymis skólaárið 2023–2024 og settar fram tillögur að áherslum og verkefnum skólaárið 2024–2025. Skólaárið 2023–2024 hefur helst verið lögð áhersla á a) þróun verklags, b) stuðning við tengiliði og málstjóra og c) kynningar, fræðslu og samráð innan stjórnarsýslunnar og út í stofnunum bæjarins. Umfjöllun hér á eftir snýr að verkefnum sem verkefnastjóri kom að með markvissum hætti með eða án aðkomu fulltrúa innleiðingarteymis. Rétt er að benda á að Elísa Guðnadóttir starfar sem ráðgjafi farsældar í leikskólum í fullu starfi og hefur því sinnt fjölmörgum verkefnum sem verkefnastjóri innleiðingar hefur ekki komið sérstaklega að og eru ekki tiltekin hér. Það sama á við um mörg verkefni Jóhönnu Lilju Ólafsdóttur á velferðarsviði en við vinnum allar náið saman og upplýsum hvor aðra um verkefnin sem við vinnum hverju sinni. Í viðauka má finna yfirlit yfir helstu samráðs- og fræðslufundi sem verkefnastjóri hefur stýrt eða tekið þátt í. Listinn var unninn út frá dagbók verkefnastjóra og ekki hægt að treysta því að hann sé alveg tæmandi en hann gefur vísbendingu um hvað innleiðing farsældarlaganna er viðamikil og fjölþætt verkefni.

Innleiðingarteymi farsældar

Í innleiðingarteymi farsældar hjá Kópavogsbæ sitja Sólveig Norðfjörð, verkefnastjóri farsældar, Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, verkefnastjóri á velferðarsviði, Ingunn Mjöll Birgisdóttir, verkefnastjóri á menntasviði, Ásdís Emilía Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri skólaþjónustu leikskóladeildar og Tryggvi Guðjón Ingason, verkefnastjóri skólaþjónustu grunnskóladeildar. Einnig vinnur Elísa Guðnadóttir, ráðgjafi farsældar í leikskólum Kópavogs náið með innleiðingarteymi og mætir á flesta fundi þess.

Skólaárið 2023-2024 hefur innleiðingarteymi fundað á tveggja vikna fresti (oftast 1,5 tíma í senn). Sólveig heldur utan um dagskrá og fundargerðir sem eru aðgengilegar teyminu á Teams. Sólveig mætir á alla fundi innleiðingarteymis og Jóhanna Lilja á flesta og undafarið hefur Elísa líka mætt á flesta fundi. Aðrir í teyminu meta hvort þeir mæti á fund út frá dagskrá fundar og álagi tengdu öðrum verkefnum.

Á milli funda innleiðingarteymis taka fulltrúar teymisins að sér að vinna þau verkefni sem þarf að vinna fyrir næsta fund. Sólveig og Elísa vinna eingöngu að innleiðingu farsældarlaganna svo þær hafa mestan tíma til að vinna verkefnin sem þarf að vinna og Jóhanna Lilja er eini fulltrúi velferðarsviðs svo hún tekur þátt í mörgum verkefnum. Ingunn Mjöll tekur þátt í ýmsum verkefnum sem tengjast hennar sérþekkingu s.s. þeim sem tengjast rafrænu beiðnakerfi og gæðamálum. Ásdís Emilía og Tryggvi sitja í teyminu sem fulltrúar leikskóla- og grunnskóladeildar. Þau veita faglega ráðgjöf og taka þátt í afmörkuðum verkefnum.

Skólaárið 2024–2025 er áætlað að halda svipuðu fyrirkomulagi hjá innleiðingarteymi en stefnt er að enn markvissari fundum þar sem kjarnateymið fundar tvisvar í mánuði en allir í innleiðingarteymi einu sinni í mánuði. Elísa, Jóhanna Lilja og Sólveig tilheyra þá kjarnateymi sem fundar tvisvar í mánuði. Ásdís Emilía, Ingunn og Tryggvi funda þá með kjarnateymi einu sinni í mánuði og eftir þörfum. Þannig er hægt að miða dagskrána að því hverjir verða á fundinum og hægt að nýta fámennari fundi kjarnateymis í ýmis verkefni sem þarf að vinna.

Nýting Teams

Skólaárið 2023-2024 voru skilgreindir tveir hópar á Teams til að halda utan um gögn og upplýsingar. Annars vegar fulltrúar innleiðingarteymis og hins vegar tengiliðir og málstjórar. Á Teams-svæði fyrir tengiliði og málstjóra er lögð áhersla á að hafa aðeins hagnýt og mikilvæg gögn sem tengiliðir og málstjórar þurfa að nýta í sínum störfum. Þar þarf að tryggja að aðeins nýjustu upplýsingar og útgáfur af leiðbeiningum, sniðmátum og öðru séu aðgengilegar. Á Teams-svæði innleiðingarteymis eru öll gögn sem skipta máli fyrir innleiðingu laganna geymd. Þar má finna fundargerðir, kynningar- og fræðsluefni og annað sem snýr að innleiðingunni. Þar hafa safnast saman mikið af gögnum sem verkefnastjóri hefur nú farið yfir og skipulagt í möppur merktar eftir innihaldi og tímabili. Við höfum einnig nýtt Teams fyrir rafræna samráðs- og fræðslufundi og stundum tekið fræðslufundi upp og haft þá aðgengilega á Teams-svæði fyrir tengiliði og málstjóra.

Skólaárið 2024 – 2025 hyggst innleiðingarteymi nýta Teams enn betur og taka þátt í 365 innleiðingunni með markvissum hætti. Innleiðingarteymi hefur nú stofnað spjallhóp á Teams sem það hyggst nota frekar en tölvupósta þegar það á við. Verkefnastjóri og fulltrúar í innleiðingarteymi munu sækja þá fræðslu sem býðst og óska eftir ráðgjöf eftir þörfum.

Barna- og fjölskyldustofa og aðrar stofnanir sem koma að innleiðingu farsældarlaganna á landsvísu

Innleiðingarteymi vinnur í nánú samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) sem styður við innleiðingu farsældarlaganna á landsvísu. Á heimsíðu BOFS (<https://www.bofs.is/>) er mikið af efni og upplýsingum sem innleiðingarteymi þarf að vera upplýst um og koma til skila til viðeigandi aðila sem starfa hjá Kópavogsbæ. Þar má t.d. nefna rafræna farsældarskóla, eyðublöð og efni sem er búið að þýða á ensku og pólsku.

Skólaárið 2023–2024 var BOFS með mánaðarlega samráðsfundi með þeim sem stýra innleiðingu farsældarlaganna hjá sveitarfélögum. Verkefnastjóri mætti einnig á fjölmarga aðra upplýsinga- og fræðslufundi hjá BOFS. Verkefnastjóri óskaði eftir ráðgjafarfundum um innleiðingu farsældar í íþrótta- og tómstundastarfi í nóvember og staðfundi í febrúar til að fara yfir stöðuna og nokkur álitamál. BOFS hefur líka kallað reglulega eftir upplýsingum frá Kópavogsbæ og verkefnastjóri hefur haft samband við BOFS í síma og tölvupóstum eftir þörfum. Verkefnistjóri hefur einnig sótt fræðslu- og kynningarfundum sem tengjast farsældinni hjá ráðuneytinu s.s. um frumvarp til laga um inngildandi menntun, mælaborð farsældar og stöðu drengja í skólakerfinu (sjá nánar í viðauka 1).

Innleiðingarteymi hefur kynnt Fléttuna – farsæld barna í Kópavogsbæ fyrir Gæða- og eftirlitsstofnum og fagfólki frá Færeyjum. Verkefnastjóri hefur líka verið í samstarfi við önnur sveitarfélög en hann starfar að sama verkefni fyrir Ísafjarðarbæ og hefur fengið ráðgjöf og kynningu frá Akranesi og Árborg.

Skólaárið 2024–2025 má reikna með svipaðri þjónustu frá BOFS. Það má reikna með að BOFS leggi aukna áherslu á svæðisbundin farsældarráð sem kveðið er á um í farsældarlögunum. Svæðisbundin farsældarráð er vettvangur þar sem svæðisbundnir þjónustuveitendur ríkis og sveitarfélaga hafa samráð og vinna áætlun um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða um farsæld barna. Innleiðingarteymi mun því reyna að hefja markvissara samstaf við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu í haust. Innleiðingarteymi stefnir líka að því að kynna stöðu innleiðingar og verklagið hjá Kópavogsbæ á samráðsfundi hjá BOFS í haust.

Mennta- og velferðarsvið

Innleiðingarteymi vinnur í nánú samstarfi við starfsfólk mennta- og velferðarsviðs en mikilvægt er ná fram sameiginlegri sýn og jákvæðni gagnvart verkefninu. Allir starfsmenn sviðanna þurfa að þekkja farsældarlögin og verklag og áherslur hjá Kópavogsbæ. Á sama tíma er mikilvægt fyrir innleiðingarteymi að fá upplýsingar og ráðgjöf frá starfsfólki mennta- og velferðarsviðs um það sem virkar vel og það sem mætti betur fara til að þróa verklag sem virkar og innleiðingin heppnist vel. Innleiðingarteymi þarf því reglulega að

kynna og ræða stöðu, verkefni og álitamál sem fylgja innleiðingunni við samstarfsfólk, stjórnendur og pólitíska fulltrúa svo allir séu upplýstir og ólík sjónarmið komi fram. Á skólaárinu 2023-2024 hefur innleiðingarteymi því staðið fyrir fjölmörgum samráðs- og fræðslufundum með starfsfólki mennta- og velferðarsviðs og pólitískum fulltrúum og mun halda því áfram næsta skólaár (sjá nánar í viðauka 2).

Þróun verklags - beiðnakerfi, sniðmát og leiðbeiningar

Talsverð vinna hefur farið í að móta nýtt eða breytt verklag sem hefur verið í stöðugri þróun á innleiðingartímabilinu. Menntasvið hafði þegar innleitt rafrænt beiðnakerfi í OneSystems fyrir skólaþjónustu og ákveðið var að vinna sambærilegt beiðnakerfi fyrir samþættingu þjónustu. Starfsfólk leik- og grunnskóla þekkir beiðnakerfið og starfsfólk mennta- og velferðarsviðs er vant að nýta OneSystems í sínum störfum sem hefur auðveldað innleiðinguna. Líklega var Kópavogsbær fyrsta sveitarfélagið til að þróa rafrænt beiðnakerfi um samþættingu þjónustu sem virkar vel og auðveldar samstarf foreldra og skóla við starfsfólk mennta- og velferðarsviðs. Þessi leið hjálpar okkur líka að geyma, flytja og senda gögn með öruggum hætti til að tryggja persónuvernd. Engu að síður hefur mikil vinna farið í að þróa verklag, eyðublöð og sniðmát í samstarfi við skjaladeild og notendur og það þarf reglulega að halda námskeið fyrir tengiliði og málstjóra. Tengiliðir og málstjórar hafa líka aðgang að ítarlegum leiðbeiningum um OneSystems og upptöku af námskeiði. Annars er það eitt af hlutverkum Barna- og fjölskyldustofu að aðstoða sveitarfélög við þróun verklags og eyðublaða sem hefur að einhverju leyti nýst okkur. Við höfum samt stundum verið á undan BOFS og síðan þurft að aðlagja okkar leið að þeirra og BOFS hefur líka nýtt gögn og upplýsingar frá okkur í sína vinnu.

Nú erum við að ljúka við að uppfæra beiðni og sniðmát út frá upplýsingum frá notendum og BOFS og reynslu síðasta skólaárs. Beiðni um samþætta þjónustu er innri beiðni á íslensku, ensku og pólsku sem starfsfólk skóla, mennta- eða velferðarsviðs fyllir út og foreldrar skrifa undir með rafrænni undirskrift. Þegar beiðni um samþættingu er unnin verður til mál undir nafni barns í OneSystems sem öryggishópur viðkomandi skóla hefur aðgang að en í honum eru einnig starfsfólk á mennta- og velferðarsviði. Undir málið fara svo öll gögn sem skipta máli fyrir samþættinguna. Þegar mál er stofnað birtist sjálfkrafa sniðmát fyrir frummat tengiliða en eitt af fyrstu verkefnum tengiliða er að safna upplýsingum í frummat. Undir málinu stofnast líka nokkrar möppur t.d. mappa sem heitir fundargerðir og hægt er að sækja sniðmát fyrir fundargerðir í samþættri þjónustu. Gert er ráð fyrir að foreldrar fái sent frummat, fundargerðir og önnur gögn í gegnum þjónustugátt. Einnig er hægt að sækja sniðmát fyrir stuðningsáætlanir í OneSystems sem málstjórar á velferðarsviði geta unnið með skólum á öruggu sameiginlegu rafrænu svæði. Foreldrar eru að sjálfsögðu með í þessari vinnu og skrifa undir stuðningsáætlun með rafrænni undirskrift þegar áætlunin er tilbúin. Þetta rafræna kerfi auðveldar ekki bara samskipti og

tryggir persónuvernd heldur gerir það okkur líka kleift að hafa yfirsýn yfir fjölda og stöðu mála í bænum og veita eftirfylgd.

Áður en rafræn beiðni er stofnuð þarf að kynna samþætta þjónustu og meðferð persónuupplýsinga vel fyrir foreldrum svo þau geti veitt upplýst samþykki. Tengiliðir og málstjórar hafa aðgang að glærum og myndbandi með hljóðglærum frá innleiðingarteymi sem þeir geta nýtt til að kynna samþætta þjónustu fyrir foreldrum. En þetta hefur vafist fyrir sumum og nú hefur BOFS líka gefið út myndbönd og hjálplegt efni sem hefur verið þýtt á ensku og pólsku. Það eina sem vantar í myndböndin hjá BOFS eru upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga og við höfum komið með ábendingu um það. Á næsta skólaári ætlum við að endurskoða með tengiliðum, málstjórum og BOFS hvernig við kynnum samþætta þjónustu fyrir foreldrum og styðja betur við tengiliði og málstjóra svo allir upplifi sig örugga í þessu hlutverki.

Rafræna beiðnakerfið byggir á því að starfsfólk skóla, mennta- og velferðarsvið vinni beiðnir (innri beiðnir) en við þurfum líka að tryggja að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að tengilið. Á heimasíðum skólanna kemur fram hver er tengiliður og bæði börn og foreldrar geta óskað eftir samtali við hann en um áramót settum við líka inn beiðni um samtal við tengilið í þjónustugátt. Þannig geta foreldrar óskað eftir samtali og hakað við sinn skóla og þá fær tengiliður tölvupóst og hefur samband við foreldra og býður þeim viðtal. Þetta hefur lítið verið nýtt en við höfum ekki kynnt farsældarlögin og þjónustuna í Kópavogi fyrir foreldrum á markvissan hátt heldur aðeins í einstökum málum þegar tekin hefur verið ákvörðun um að bjóða samþætta þjónustu. Við töldum mikilvægt að kynna farsældarlögin vel fyrir starfsfólki áður en við kynntum þau fyrir foreldrum og nemendum með almennum hætti. Skólaárið 2024-2025 viljum við kynna samþættinguna betur fyrir foreldrum og nemendum og auka aðgengi að upplýsingum um farsældarlögin, verklag og þjónustu í bænum.

Nú liggur fyrir nákvæm vinnulýsing sem tengiliðir og málstjórar hafa aðgang að á Teams-svæðinu sínu. Áætlað er að setja vinnulýsinguna í gæðakerfið eftir yfirferð á fyrsta samráðsfundi tengiliða og málstjóra í haust. Við höfum líka unnið leiðbeinandi spurningar sem hægt er að spyrja sig þegar metið er hvort samþætting þjónustu eigi við eða ekki. Tengiliðir hafa líka aðgang að ítarlegum leiðbeiningum um gerð frummats og nánari leiðbeiningar um gerð fundargerða og stuðningsáætlana eru í undirbúningi. Tengiliðir og málstjórar hafa líka aðgang að dæmum af frummötum, fundargerð og stuðningsáætlunum en þar sem sniðmátin hafa nýlega verið uppfærð eru ný dæmi í undirbúningi. Á næsta skólaári er einnig fyrirhugað að leggja meiri áherslu á aðkomu barna að samþættingu þjónustu en við þurfum að tryggja rödd barna í eigin málum. Áætlað er að þróa leiðbeiningar og verklag í kringum aðkomu barna og tillögur að efni sem er hægt að nýta með börnum og unglingum til að fá þeirra rödd fram.

Tengiliðir og málstjórar

Nú þegar hafa verið skipaðir tengiliðir farsældar í alla leik- og grunnskóla í Kópavogi. Í leikskólum hafa sérkennslustjórar tekið að sér þetta hlutverk en í grunnskólum hafa mismunandi starfsstéttir tekið að sér hlutverkið s.s. deildarstjórar stiga og stoðþjónustu, námsráðgjafar, þroskaþjálfar og kennarar. Í leikskólum er það oftast einn starfsmaður sem er skilgreindur sem tengiliður farsældar en í grunnskólum eru einn til fjórir starfsmenn skilgreindir sem tengiliðir farsældar. Skólaárið 2023 – 2024 voru samtals 55 starfsmenn sem tóku að sér hlutverk tengiliða farsældar.

Á síðasta ári áttu sér stað skipulagsbreytingar á velferðarsviði og talsverðar mannabreytingar þ.á.m. hjá starfsfólki sem hafði tekið að sér hlutverk málstjóra. Þess vegna bættust við töluvert af nýjum málstjórum sem hefur kannski aðeins hægt á innleiðingu farsældarlaganna á velferðarsviði. Við lok skólaárs vorið 2024 var þó búið að manna stöður málstjóra og nú starfa 6 málstjóra í Barna- og fjölskylduteymi og 14 í barnavernd.

Samtals hafa því 75 starfsmenn tekið að sér ný lagaleg hlutverk og eitt af megin verkefnum innleiðingarteymis skólaárið 2023-2024 sneri að fræðslu og stuðningi við tengiliði og málstóra til að gera þeim kleift að sinna þessu hlutverki vel. Í aðgerðaáætlun menntasviðs voru eftirfarandi markmið og aðgerðir settar fram og fyrir aftan aðgerðir má sjá stöðuna á þeim við lok skólaárs 2024:

2.1.2.1 Að styðja við gerð frummata með fræðslu og fylgja því eftir að frummöt séu unnin í 1. Stigs málum í OneSystems.

- M.2.1.2.1.a Námskeið um hvernig nýta má OneSystems til að halda utan um samþættingu þjónustu - *lokið*
- M.2.1.2.1.b Rafræn kynning á frummati og vinnusmiðja tengliða og málstjóra um samþættingu þjónustu – *lokið*
- M.2.1.2.1.c Vinnulýsing um samþættingu þjónustu í gæðakerfi – *vinnulýsing tilbúin sem verður sett í gæðakerfi eftir fyrsta samráðsfund með tengiliðum og málstjórum í haust*
- M.2.1.2.1.d Fara yfir 1. stigs mál í OneSystems og athuga hvort það séu unnin frummöt og upplýsa skólana um stöðuna – *fyrstu yfirferð var lokið í vor og áætlað að fara aftur yfir stöðuna í lok árs 2024.*

Eins og fram hefur komið hefur innleiðingarteymi þróað verklag og safnað saman hagnýtu efni og leiðbeiningum fyrir tengiliði og málstjóra til að fara eftir og nýta í sínum störfum. Verkefnastjóri hélt líka utan um mánaðarlega samráðsfundi með tengiliðum og málstjórum þar sem veittar voru mikilvægar upplýsingar og fræðsla. Á samráðsfundum voru áskoranir sem komið hafa upp ræddar svo að allir séu upplýstir um það sem skiptir máli og við séum að læra af hvort öðru og mynda sameiginlega sýn. Skólaárið 2023-2024

var boðið upp á rafræna fræðslu um beiðnakerfið, frummat, fundargerðir og stuðningsáætlanir. Á haustmánuðum voru haldnar tvær vinnusmiðjur um gerð frummats, annars vegar fyrir tengiliði leikskóla og hins vegar fyrir tengiliði grunnskóla. Í vinnusmiðjunum unnu tengiliðir frummöt fyrir ímyndaða nemendur og dæmin voru síðan yfirfarin og aðgengileg öllum á Teams. Á vormánuðum voru síðan haldnar tvær vinnusmiðjur fyrir tengiliði og málstjóra saman þar sem unnar voru stuðningsáætlanir fyrir ímyndaða nemendur og dæmin síðan aðgengileg öllum á Teams. Fyrir utan skipulagða fræðslu og samráðsfundi geta tengiliðir og málstjórar óskað eftir staðbundinni aðstoð og fengið ráðgjöf í síma eða tölvupósti (sjá nánar í viðauka 3).

Í apríl var lögð könnun fyrir tengiliði til að meta stöðu innleiðingar og fá upplýsingar um ánægju og óskir tengiliða. 36 af 55 tengiliðum svöruðu könnuninni (20 úr grunnskóla og 16 úr leikskóla). 34 af 36 tengiliðum höfðu kynnt samþætta þjónustu fyrir foreldrum og unnið beiðni og 33 af 36 höfðu unnið frummat. Foreldrar höfðu almennt verið jákvæðir fyrir samþættingu þjónustu þegar hún hafði verið kynnt (oft/alltaf) og meirihluti tengiliða var sammála eða mjög sammála um að það sé gagnlegt að samþætta þjónustu og vinna frummat. 29 af 36 tengiliðum töldu sig hafa næga þekkingu til að sinna hlutverkinu en aðeins 12 af 36 tengiliðum töldu sig hafa nægan tíma til að sinna hlutverkinu. Allir tengiliðir höfðu nýtt stuðning frá innleiðingarteymi og 33 af 36 voru ánægðir með stuðning innleiðingarteymis. Tengiliðir vilja fá meiri einstaklingsráðgjöf og jafningjahandleiðslu og halda áfram með samráðsfundi á næsta skólaári. Í opinni spurningum um helstu áskoranir nefndu flestir tímaskort. Einnig koma fram þörf fyrir skýrari verkaskiptingu á milli tengiliða og málstjóra og að tryggja þyrfti áframhaldandi fræðslu til annarra sem starfa með börnum. Á næsta skólaári er áætlað að leggja könnun fyrir málstjóra farsældar.

Í apríl var haldinn upplýsinga- og samráðsfundur með skólastjórum grunnskóla og grunnskóladeild og í framhaldi af því heimsótti verkefnistjóri alla grunnskóla og fundaði með tengiliðum og skólastjórnendum. Markmiðið var að a) fara yfir stöðuna í hverjum skóla fyrir sig, það sem gengur vel og helstu áskoranir, b) fá skólanna til að íhuga hvort þeir vilja halda sama fyrirkomulagi eða gera einhverjar breytingar á næsta skólaári og c) yfirfara stöðuna í OneSystems svo upplýsingar þar séu réttar. Á fundunum komu fram vísbendingar um jákvæðni í garð farsældarlaganna og ánægja með störf og stuðning innleiðingarteymis. Innleiðingin er komin mislangt í grunnskólunum og fjöldi mála er misjafn. Tengiliðir telja sig hafa næga þekkingu til að sinna verkefninu en tímaskortur kemur í veg fyrir að þeir nái að sinna því jafn vel og þeir myndu vilja. Þegar nánar var spurt út í tímaskort kom í ljós að tengiliðir hafa ekki náð að nýta þann tíma sem þeim var úthlutað í verkefnið svo tímaskorturinn tengist heildarálagi frekar en þeim tíma sem var áætlaður í verkefnið í grunnskólum. Tengiliðir í einstaka skólum telja sig hafa nægan tíma til að sinna hlutverki tengiliða en telja þörf fyrir vitundarvakningu í skólasamfélaginu og skýrt verklag innan skólanna til að starfsfólk hafi frumkvæði að því að koma samþættingunni af stað þar sem það á við. Á næsta skólaári ætla einhverjir skólar að skilgreina tíma fyrir tengiliði til að sinna sínu hlutverki og einhverjir skólar ætla að fjölga tengiliðum til að reyna að

tryggja að tíminn sem hefur verið áætlaður í verkefnið sé nýttur í það. Einhverjir skólar vilja fá starfsfólk stoðþjónustu með í verkefnið með virkari hætti og tveir skólar óskuðu eftir kynningu frá verkefnastjóra fyrir stoðteymin sín í maí. Einnig kom fram að samstarf við málstjóra velferðarsviðs mætti vera í betri farvegi en samt höfðu komið fram vísbendingar um framfarir undanfarið. Skil skólastiga hafa líka verið áskorun en innleiðingarteymi er að þróa verklag í kringum skil skólastiga í samstarfi við skjaladeild og MMS. Í maí var haldinn upplýsingafundur með leikskólastjórum og í framhaldi af því funduðu Elísa og Ásdís Emilía með tengiliðum leikskóla.

Eins og fram hefur komið fylgja ýmsar áskoranir innleiðingu farsældarlaganna og ein af þeim snýr að því að þegar lögin eru samþykkt er okkur ætlað að virkja kerfisbreytingu hjá öllum börnum á aldrinum 0-18 ára en börnin hefðu átt að tynast inn í kerfið hægt og rólega þegar vandinn var að byrja að koma fram í hverju máli fyrir sig. Þetta þýðir að við erum að kljást við uppsafnaðan vanda og það er mikil vinna að koma mörgum málum í samþættingu á stuttum tíma. Þess vegna hafa komið fram hugmyndir um átaksverkefni þar sem innleiðingarteymi eða aðrir starfsmenn aðstoða skólanna við að koma ákveðnum hópum í samþættingu þjónustu þar sem það á við.

Út frá könnun tengiliða, samráðsfundum og áskorunum sem hafa komið upp verður lögð áhersla á eftirfarandi stuðning við tengiliði og málstjóra skólaárið 2024-2025:

- Kallað verður eftir upplýsingum um tengiliði við upphaf skólaárs og athugað hvort skólastjórnendur vilja fjölga starfsfólki sem hefur aðgang að OneSystems og getur unnið verkefni tengiliða. Nýjum tengiliðum og starfsfólki sem tekur að sér verkefni tengiliða verðu boðið upp á grunnfræðslu og handleiðslu.
- Áframhaldandi samráðsfundir, stundum aðskildir fundir fyrir leikskóla, grunnskóla og málstjóra og stundum fyrir alla saman.
- Handleiðsla og aðstoð við að vinna verkin á staðnum og áframhaldandi aðgangur að ráðgjöf eftir þörfum.
- One námskeið og rafrænar kynningar á frummati, fundagerðum og stuðningsáætlunum.
- Vinnusmiðja um stýringu teymisfunda og skráningu fundargerða.
- Samstarf tengiliða við málstjóra og starfsfólk menntasviðs.
- Eftirfylgd með stöðu mála í OneSystems.
- Skil skólastiga í skýrum farvegi.
- Vitundarvakning skólasamfélagsins um farsældarlögin.
- Aukið samstarf við frístund og félagsmiðstöðvar varðandi snemmtækan stuðning og samþættingu þjónustu.
- Innra verklag skólanna.
- Stuðningur og fræðsla til starfsfólks menntasviðs svo það geti stutt betur við tengiliði og málstjóra.

- Átaksverkefni þar sem verkefnastjóri hjálpar skólum og málstjórum að koma samþættingu af stað hjá nemendum með fötlun og/eða í sérdeildum þar sem það á við.
- Skoða tilraunaverkefni þar sem skólasálfræðingur aðstoðar tengiliði við að koma samþættingu af stað í málum sem hann tengist og það á við.

Fræðslu- og samráðsfundir með starfsfólki sem vinnur með börnum í Kópavogsbæ

Skólaárið 2023-2024 setti innleiðingarteymis sér það markmið að vera með fræðslu um farsældarlögin hjá helstu stofnunum sem falla undir menntasvið þ.e. í leik- og grunnskólum, frístund og félagsmiðstöðvum, skólahljómsveit, sumarnámskeiðum, vinnuskólanum og hjá dagforeldrum. Innleiðingarteymi setti sér einnig það markmið að ná samráðsfundum um fræðslu og fleira hjá helstu samstarfsaðilum sem vinna með börnum í Kópavogsbæ en eru ekki starfsmenn Kópavogsbæjar. Í aðgerðaáætlun menntasviðs voru eftirfarandi markmið og aðgerðir settar fram og fyrir aftan aðgerðir má sjá stöðuna á þeim:

2.1.1.1 Fræðsla um markmið laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna hjá starfsfólki sem vinnu í skóla- og frístundastarfi með börnum í Kópavogsbæ og upplýsa starfsfólk um sitt hlutverk

- M.2.1.1.1.a Ljúka fræðslufundum um samþættingu þjónustu í leik- og grunnskólum – *lokið*

- M.2.1.1.1.b Ljúka fræðslufundum samþættrar þjónustu með dagforeldrum og starfsfólki frístunda, félagsmiðstöðva og skólahljómsveitar – *fræðsla fyrir starfsfólk frístundar í Vatnsendaskóla verður 23. ágúst og þá er aðgerð lokið*

- M.2.1.1.1.c Ljúka samráðsfundum um fræðslu um samþætta þjónustu fyrir starfsfólk hjá íþróttafélögum og öðrum aðilum sem bjóða upp á skipulagt tómstundarstarf hjá börnum í Kópavogsbæ – *samstarfsfundi með fulltrúum íþróttafélaga er lokið, fulltrúa skátanna var boðið með en mætti ekki og fræðsla fyrir starfsfólk tónlistarskólans verður 23. ágúst og þá er aðgerð lokið*

- M.2.1.1.1.d Bjóða upp á rafræna fræðslu um samþætta þjónustu fyrir starfsfólk sem starfar í skóla- og frístundastarfi með börnum í Kópavogsbæ – *lokið*

- M.2.1.1.1.e Vinnu stöðuskýrslu um fræðslustarf samþættrar þjónustu sem hefur farið fram á skólaárinu 2023-2024 – *lokið með þessari skýrslu*

Á skólaárinu 2023-2024 náði verkefnastjóri að heimsækja alla grunn- og leikskóla. Það náðist að vera með fræðslu fyrir starfsfólk frístundar í öllum grunnskólum nema Vatnsendaskóla en fræðsla þar er bókuð 23. ágúst. Einnig náðist að vera með fræðslu fyrir dagforeldra og starfsfólk félagsmiðstöðva, Hrafnins, Molans, Höfuðborgarinnar, skólahljómsveitar, vinnuskólans og sumarnámskeiða. Verkefnastjóri bauð einnig upp á námskeið á endurmenntunardögum grunnskóla og rafræna fræðslu í desember og mars (sjá náðar í viðauka 4).

Á skólaárinu náðist að vera með samráðsfundi með tengiliðum heilsugæslu og MK og verkefnastjóri var með fræðslu fyrir dagforeldra og tengiliði heilsugæslu saman og fyrir starfsfólk MK. Fulltrúum íþróttafélaga og skátanna var boðið á samráðsfund. Fulltrúar frá Breiðablik, HK, Gerplu, GKG og Spretti mættu á fundinn en enginn frá skátafélaginu Kópnum. Verkefnastjóri var einnig með fræðslu fyrir þjálfara HK og fræðsla fyrir starfsfólk Tónlistarskólans verður 23. ágúst (sjá nánar í viðauka 5).

Skólaárið 2024-2025 verður boðið upp tvö námskeið á endurmenntunardögum grunnskólakennara (tengiliðum í leikskólum og málstjórum býðst einnig að taka þátt). Annað námskeiðið er almennara og fjallar um farsældarlögin, snemmtækan stuðning og verklag, þjónustu og úrræði í Kópavogi. Hitt er sértækara og fjallar meira um verkefni tengiliða s.s. að kynna samþætta þjónustu fyrir foreldrum, vinna frummat, stýra teymisfundum, vinna fundargerðir og taka þátt í gerð stuðningsáætlana svo að starfsfólk geti tekið virkari þátt í samþættingunni og stutt betur við störf tengiliða. Á skólaárinu er áætlað að bjóða aftur upp rafræna fræðslu um lögin og um frummat, fundargerðir og stuðningsáætlanir. Einnig verður öllu starfsfólki sendur upplýsingapóstur um stöðu innleiðingar og verklagið í Kópavogi. Innleiðingarteymi hefur líka rætt um að vera með rafræn skyldunámskeið fyrir nýtt starfsfólk og að hvetja til eða tryggja umfjöllum og umræður innan skólanna s.s. á starfsmannafundum eða öðrum fundum sem eru haldnir reglulega. Verkefnastjóri hyggst einnig reyna að virkja tengiliði til að kynna farsældina fyrir sínu fólki og þróa verklag innan skólanna og fá síðan kynningar frá þeim sem eru lengst komnir á samráðsfundum tengiliða og málstjóra.

Aðgengi nemenda, foreldra og starfsfólks að upplýsingum um farsældarlögin og þjónustu hjá Kópavogsbæ

BOFS hefur mælt með því að sveitarfélög vinni úrræðalista sveitarfélags svo starfsfólk og aðrir séu upplýstir um hvaða þjónusta er í boði. Innleiðingarteymi vann úrræðalista fljótlega eftir að lögin voru samþykkt en nú er uppfærður listi í undirbúningi þar sem meiri áhersla verður lögð á snemmtækan stuðning og prepaskiptan stuðning innan skólanna.

Skólaárið 2023-2024 hugðist innleiðingarteymi finna leið til að þróa notendavæna farsældarsíðu fyrir foreldra og starfsfólk í Kópavogi um þjónustu í bænum en það náðist ekki þar sem það þurfi að vinna þetta heildrænt í samhengi við heimasíðu Kópavogsbæjar.

Innleiðingarteymi safnaði heilmiklum upplýsingum fyrir síðuna og skipaður var vinnuhópur um verkefnið en verkefnastjóri var ekki hluti af vinnuhópnum og vinnsla í málinu virðist vera hæð. Þar sem mikilvægt er að hafa einhverjar upplýsingar um farsæld bara í Kópavogi setti innleiðingarteymi inn grunnupplýsingar á heimasíðu bæjarins <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/daggaesla-og-skolar/farsaeld-barna>. Einnig hafa verið settir inn farsældarhnappar með upplýsingum um tengiliði á heimasíður grunnskólanna og það er verið að vinna að því að setja farsældarhnappana inn á heimsíður leikskólanna.

Skólaárið 2024-2025 er áætlað að senda foreldrum upplýsingapóst um farsældarlögin og innleiðinguna hjá Kópavogsbæ og bjóða upp á opinn íbúafund fyrir ungmenni, foreldra og starfsfólk. Einnig verður unnin kynningarglæra sem skólar geta nýtt á fundum með foreldrum og sálfræðingar munu kynna farsældina stuttlega þegar þeir verða með fræðslu fyrir nemendur í 9. og 10. bekk í haust. Auk þess er áætlað að vinna frétt um farsældarlögin og innleiðinguna hjá Kópavogsbæ. Einnig hefur komið fram hugmynd um að vinna kynningarmyndband.

Staðan við lok skólaárs 2024

Þegar farið er yfir fjölda mála í OneSystems við lok skólaárs 2024 eru 160 mál í leikskólum og 252 í grunnskólum í samþættingu. Það náðist ekki að að yfirfara gögnin við vinnslu þessarar skýrslu svo það er ekki öruggt að tölurnar séu nákvæmlega réttar en þær gefa vísbendingu um fjölda mála. Svo eru líka mál í samþættingu hjá börnum með lögheimili í Kópavogi sem eru í framhaldsskólum eða sækja skólavist í öðru sveitarfélagi sem eru ekki meðtaln í tölunum hér fyrir framan. Á næsta skólaári er áætlað að fá betri mynd af fjölda mála og bakgrunnsbreytum s.s. kyni, aldri, skóla o.fl. og bera tölur í Kópavogi saman við stöðuna í öðrum sveitarfélögum. Innleiðingarteymi hyggst líka skoða upplýsingar úr mælaborði farsældar og nýta upplýsingar úr því í áframhaldandi vinnu. BOFS hefur kallað eftir mánaðarlegum skráningum varðandi störf tengiliða og málstjóra og við höfum reynt að styðja okkar fólk í þessari vinnu. Við komum með athugasemdir varðandi þær upplýsingar sem sóst var eftir og veltum fyrir okkur tilgangi þessarar söfnunar sem aðeins BOFS getur nýtt sér. Nýlega fékk ég upplýsingar um að svörunin hefði ekki verið góð á landsvísu og að þessu yrði breytt. Við spurðum líka hvort þetta yrði nýtt til að áætla fjármagn til sveitarfélaga en fengum ekki skýr svör og þegar við reyndum að fá upplýsingar hvernig fjármagn yrði áætlað til sveitarfélaga eftir áramót fengum við þau svör að það liggi ekki fyrir. Þetta finnst okkur óþægilegt en okkur grunar samt að við stöndum nokkuð vel hvað varðar skráningar og fjölda mála miðað við önnur sveitarfélög.

Varðandi stöðu innleiðingar þá má segja að flest markmið sem innleiðingarteymi setti sér fyrir skólaárið 2023-2024 hafi náðst og það litla sem vantar upp á er dagsett í ágúst. Það var einnig ánægjulegt að sjá niðurstöður úr könnun tengiliða sem gaf til kynna ánægju með störf innleiðingarteymis og við höfum almennt fundið fyrir meðbyr og ánægju með okkar störf bæði hjá samstarfsfólki í Kópavogsbæ og hjá BOFS. Okkur sýnist við líka

standa nokkuð vel miðað við önnur sveitarfélög og erum stolt af okkar vinnu. Stundum höfum við verið á undan BOFS að próa verklag og leiðir og við höfum ekki alltaf verið sammála BOFS en ef það hafa komið upp álitamál höfum við óskað eftir samtali og okkar leiðir hafa hingað til verið samþykktar. Á vormánuðum var kynntur gátlisti farsældar sem sveitarfélög geta nýtt sér til að meta hvar þau standa varðandi innleiðingu laganna. Við höfum aðeins kynnt okkur listann og okkur sýnist við standa nokkuð vel en við ætlum að nýta hann til að meta stöðuna með markvissum hætti skólaárið 2024-2025.

Viðauki 1 – Fundur hjá BOFS og aðrir fundir sem snúa að innleiðingunni á landsvísu

Fundur hjá BOFS

Mánaðarlegir fundir með þeim sem stýra innleiðingu farsældarlaganna (þriðja fimmtudag í mánuði).

08.11.24 – Samráðsfundur um innleiðingu farsældar í íþrótt- og tómstundastarfi

18.01.24 – Upplýsingafundur BOFS

18.01.24 – Fræðsla fyrir tengiliði um skráningu

18.01.24 – Fræðsla fyrir málstjóra um skráningu

15.02.24 – Staðfundur sem innleiðingarteymi óskaði eftir

21.03.24 - Upplýsingafundur BOFS

21.03.24 – Kynning á helstu niðurstöðu farsældarþings

21.03.24 – Fræðsla um samþættingu farsældar og barnaverndarlaga

04.04.24 – Kynning á gátlista farsældar

16.03.24 - Upplýsingafundur BOFS

Aðrir fundir sem snúa að innleiðingu farsældar á landsvísu

23.10.24 – Kynning á Fléttunni og farsæld barna í Kópavogsbæ fyrir Gæða- og eftirlitsstofnum velferðarmála

08.03.24 – Upplýsingafundur vegna frumvarps til laga um inngildandi menntun

29.04.24 – Kynning Mennta- og barnamálaráðuneytis á Mælaborði farsældar á Grand

06.06.24 – Kynning Mennta- og barnamálaráðuneytis á stöðu drengja í menntakerfinu

Viðauki 2 – Samráðs- og fræðslufundir með starfsfólki mennta- og velferðarsviðs og pólitískum fulltrúum

- 18.09.23 – Grunnskóladeild – samráð og fræðsla um farsældarlögin
- 15.09.23 – Sálfræðingar í grunnskólum – samráð og fræðsla um farsældarlögin
- 19.09.23 – Leikskóladeild – samráð og fræðsla um farsældarlögin
- 04.10.23 – Talmeinafræðingar í grunnskólum – samráð og fræðsla um farsældarlögin
- 05.10.23 – Starfsfólk á menntasviði sem starfar ekki leik- eða grunnskóladeild – samráð og fræðsla um farsældarlögin
- 08.11.23 – Starfsfólk á velferðarsviði – samráðsfundur
- 05.12.23 - Menntaráð – kynning á farsældarlögun og stöðu innleiðingar
- 11.12.23 – Velferðarráð – kynning á farsældarlögun og stöðu innleiðingar
- 12.12.23 – Leikskólanefnd – kynning á farsældarlögun og stöðu innleiðingar
- 21.12.23 – Kennsluráðgjafar, atferlisráðgjafar og forvarnarteymi - samráð og fræðsla
- 16.01.24 – Frístunda- og íþróttadeild – samráð
- 18.01.24 – Skólapjónusta grunnskóladeildar – samráð
- 14.02.24 – Viðtal við deildarstjóra grunnskóladeildar
- 16.01.24 – Frístunda- og íþróttadeild – undirbúningsfundur
- 29.02.24 – Menntasvið - starfsmannafundur
- 20.03.24 – Deildarstjóri grunnskóladeildar – samráð
- 05.04.24 – Velferðarsvið – kynningarfundur fyrir starfsfólk
- 16.05.24 – Sviðsstjórar mennta- og velferðarsviðs – samráð
- 18.06.24 – Grunnskóladeild – samráð eftir heimsóknir í grunnskóla

Viðauki 3 – Samráðsfundir, námskeið og fræðsla fyrir tengiliði og málstjóra

14.08.23 – One námskeið

02.10.23 – Rafræn kynning á frummati tengiliða

05.10.23 – Rafrænn samráðsfundur

06.10.23 – Rafrænn samráðsfundur

16.10.23 – Rafræn kynning á fundargerðum

19.10.23 – Vinnusmiðja fyrir tengiliði leikskóla um gerð frummats

09.11.23 – Rafrænn samráðsfundur

04.12.23 – Vinnusmiðja fyrir tengiliði leikskóla um gerð frummats

07.12.23 - Rafrænn samráðsfundur

15.01.24 – One námskeið

31.01.24 – Rafrænn samráðsfundur – skráningar til BOFS

14.02.24 – Vinnusmiðja um gerð stuðningsáætlana

27.02.24 – Vinnusmiðja um gerð stuðningsáætlana

19.03.24 – Umræðufundur í Vallakór með málstjórum

20.03.24 – Rafrænn samráðsfundur

03.04.24 – Samráðsfundur með málstjórum í Huldustofu

18.04.24 – Rafrænn samráðsfundur

30.05.24 – Rafrænn samráðsfundur

Viðauki 4 – Samráðs- og fræðslufundir með starfsfólki sem starfar hjá Kópavogsbæ

14.08.23 – Endurmenntunardagar grunnskólakennara – námskeið um farsældarlögin

16.08.23 – Lindaskóli – fræðsla um farsældarlögin

16.08.23 – Hörðuvallaskóli – fræðsla um farsældarlögin

21.08.23 – Smáraskóli – fræðsla um farsældarlögin

22.08.23 – Álfhólsskóli - fræðsla um farsældarlögin

22.08.23 – Kársnesskóli - fræðsla um farsældarlögin

15.09.23 – Urðarhóll - fræðsla um farsældarlögin

18.09.23 – Kópasteinn – fræðsla um farsældarlögin

20.09.23 – Salaskóli – fræðsla um farsældarlögin

21.09.23 – Kársnesskóli – samráð

03.10.23 – Kópavogsskóli - fræðsla um farsældarlögin

04.10.23 – Arnarsmári – fræðsla um farsældarlögin

05.10.23 – Vatnsendaskóli – fræðsla um farsældarlögin

06.10.23 – Kóraskóli – fræðsla um farsældarlögin

17.10.23 – Fagrabrekka – fræðsla um farsældarlögin

18.10.23 – Forstöðumenn frístunda – samráð og fræðsla um farsældarlögin

13.11.23 – Álfhólsskóli – samráð

13.11.23 – Vatnsendaskóli – samráð og fræðsla um farsældarlögin

15.11.23 – Rjúpnahæð – fræðsla um farsældarlögin

15.11.23 – Fífusalir – fræðsla um farsældarlögin

15.11.23 - Furugrund/Grænatún – fræðsla um farsældarlögin

15.11.23 – Dalur/Lækur – fræðsla um farsældarlögin

15.11.23 – Núpur – fræðsla um farsældarlögin

15.11.23 – Kópahvoll – fræðsla um farsældarlögin

16.11.23 – Snælandsskóli – fræðsla um farsældarlögin

27.11.23 – Álfhólsskóli – Teams-fundur

27.11.23 – Núpur – fræðsla um farsældarlögin

01.12.23 – Hrafninn og Höfuðborgin – fræðsla um farsældarlögin

04.12.23 – Starfsfólk félagsmiðstöðva – fræðsla um farsældarlögin

05.12.23 – Kópavogsskóli – samráð

11.12.23 – Mánudagsfræðsla – rafræn fræðsla um farsældarlögin

02.01.24 – Marbakki – fræðsla um farsældarlögin

15.01.24 – Álfhólsskóli – samráð

17.01.24 – Kópavogsskóli – handleiðsla

30.01.24 – Álfhólsskóli – samráð

29.02.24 – Molinn – fræðsla um farsældarlögin

12.03.24 – Dagforeldrar og tengiliðir heilsugæslu – fræðslu- og samráðsfundur

12.03.24 – Starfsfólk frístunda – fræðsla um farsældarlögin

18.03.24 – Mánudagsfræðsla – rafræn fræðsla um farsældarlögin

04.04.24 – Skólastjórar og grunnskóladeild – upplýsinga- og samráðsfundur

12.04.24 – Lindaskóli – stöðufundur með skólastjórnendum og tengiliðum

16.04.24 – Vatnsendaskóli – stöðufundur með skólastjórnendum og tengiliðum

17.04.24 – Snælandsskóli – stöðufundur með skólastjórnendum og tengiliðum

18.04.24 – Hörðuvallaskóli – stöðufundur með skólastjórnendum og tengiliðum

23.04.24 – Salaskóli – stöðufundur með skólastjórnendum og tengiliðum

29.04.24 – Kóraskóli – stöðufundur með skólastjórnendum og tengiliðum

30.04.24 – Smáraskóli – stöðufundur með skólastjórnendum og tengiliðum

30.04.24 – Skólastjóri Hörðuvallaskóla – samtal

30.04.24 – Stoðteymi Vatnsendaskóla – kynningar- og samráðsfundur

02.05.24 – Kársnesskóli – stöðufundur með skólastjórnendum og tengiliðum

03.05.24 – Álfhólsskóli – stöðufundur með skólastjórnendum og tengiliðum

14.05.24 – Leikskólastjórar og leikskóladeild – upplýsinga- og samráðsfundur

14.05.24 – Kópavogsskóli – stöðufundur með skólastjórnendum og tengiliðum

14.05.24 – Stoðteymi Salaskóla – kynningar- og samráðsfundur

Viðauki 5 – Samráðs- og fræðslufundir með starfsfólki sem starfar ekki hjá Kópavogsbæ en vinnur með börnum í bænum

08.11.23 – Arnarskóli – fræðsla um farsældarlögin

13.12.23 – Tengiliðir heilsugæslu í Kópavogi – samráð

01.02.24 – Tengiliður MK - samráð

14.02.24 – Tengiliðir heilsugæslu í Kópavogi – samráð

27.02.24 – Fulltrúar íþróttafélaga

12.03.24 – Heilsuleikskólinn Kór – fræðsla um farsældarlögin

15.04.24 – MK – samráðsfundur með tengiliði og námsráðgjöfum

24.04.24 – MK – fræðsla um farsældarlögin fyrir starfsfólk

01.05.24 – HK – fræðsla um farsældarlögin fyrir þjálfara

02.05.25 – Waldorfskólinn – fræðsla um farsældarlögin

06.06.24 – Aðalþing – fræðsla um farsældarlögin

06.06.24 – Starfsfólk sumarnámskeiða – fræðsla um farsældarlögin

07.06.24 – Starfsfólk vinnuskólans - fræðsla um farsældarlögin